

## Fundargerð 99. fundar.

99. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Garðatorgi 7 í Garðabæ þann 5. júní 2013 kl. 15.00.

Í fundinum tóku þátt Guðmundur H. Einarsson, Þorsteinn Narfason, Rósa Magnúsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Tore Skjenstad og Páll Stefánsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. mál. Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 27. maí 2013 um endurskoðun heilbrigðissamþykktar um vatnsvernd.

Lögð fram fundargerð (5. liður) stjórnar SSH frá 3. júní 2013 þar sem fjallað var um stöðu mála við endurskoðun vatnsverndar.

Lagt fram minnisblað HHK af fund 5. mars 2013 sem haldinn var á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi um svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram erindi Orkuveitu Reykjavíkur dagsett. 22. apríl 2013 þar sem fram kemur m.a. að öll vatnsból veitunnar á Heiðmerkursvæðinu séu framtíðarvatnsból og þjóna sem slík sem varavatnsból fyrir önnur.

Lagt fram minnisblað frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. febrúar 2013 er varðar grunnvatns- og rennslislíkan höfuðborgarsvæðisins.

Eftirlitssvæðin ætla að skoða milli funda helstu áhersluatriði sem taka þarf til umræðu. Til skoðunar verður einnig að halda almennan hugarflugsfund hliðstæðum þeim sem haldinn var í maí 2004, sbr. ársskýrslu framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2004.

#### 2. mál. Olíuslys á Bláfjallavegi 8. maí 2013

Lögð fram skýrsla HHK

Lagt fram minnisblað OR um sýnatöku

Lögð fram skýrsla VSÓ Ráðgjafar dags. 13. maí 2013. Þríhnúkar, Óhapp við olíuflutninga

Lögð fram skýrsla Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. maí 2013, Bláfjöll olíuleki.

Lögð fram skýrsla Lögreglu Höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. maí 2013

Sýnatökur ræddar vegna atviksins á Bláfjallavegi og almenna vöktunar.

#### 3. mál. Fundur í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti 29. maí 2013

Lögð fram frásögn ráðuneytisins af fundinum.

#### 4. önnur mál.

Aðvörunarskilti fyrir vatnsverndarsvæðið.

Rætt um regluverk varðandi flutninga á hættulegum förmum.

Samþykkt var að formaður framkvæmdastjórnar sendi erindi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis þess efnis að það beitti sér fyrir að samræmt upplýsingamerki vegna vatnsverndarsvæða sem Samorka og Vegagerðin hafa lagt til, verði birt í reglugerð *um umferðarmerki og notkun þeirra* nr. 289/1995 með áorðnum breytingum.

Fundi slitið kl. 17.10